

Aðalfundur Hvatar haldinn mánudaginn 6. mars 2023

kl. 18:00 á skrifstofu Hvatar

Mættir eru; Grímur Rúnar, Auðunn Steinn, Greta Björg, Ólafur Sigfús og Steinunn Hulda.

1. **Formaður setur fundinn.** Grímur Rúnar setti fundinn.
2. **Kosinn fundarstjóri,** formaður leggur til að Auðunn Steinn verði fundarstjóri, það samþykkt
3. **Kosinn fundarritari,** formaður leggur til að Greta Björg riti fundargerð, það samþykkt.
4. **Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.** Hún samþykkt.
5. **Formaður flytur ársskýrslu félagsins**
6. **Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.** Þeir samþykktir
7. **Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.** Skýrsla og reikningar samþykktir
8. **Tillögur lagðar fyrir fundinn.** Engar tillögur lágu fyrir fundinum.
9. **Veittar viðurkenningar og styrkir, eftir ákvörðun fundar.** Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

10. **Kaffihlé,** ekkert kaffihlé tekið.

11. **Umræður og afgreiðsla tillagna.** Engar tillögur lágu fyrir.

12. **Lagabreytingar.** Umræður urðu og þær samþykktar.

13. Stjórnarkjör aðalstjórnar.

- **Kosinn formaður,** Grímur Rúnar gefur kost á sér áfram, það samþykkt.
- **Kosinn varaformaður,** Auðunn Steinn gefur kost á sér áfram, samþykkt
 - **Kosinn gjaldkeri,** Greta Björg gefur kost á sér áfram, samþykkt
 - **Kosinn ritari,** Ólafur Sigfús gefur kost á sér, það samþykkt
 - **Kosinn meðstjórnandi** Snædís gefur kost á sér, það samþykkt

14. Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara

- **Skoðunarmenn reikninga**, Kristín Ingibjörg og Magdalena Berglind gefa kost á sér sem skoðunarmenn og Heiðbjört til vara, það samþykkt.

14. Önnur mál. Formaður lagði fram nýjar stefnur USAH í ýmsum málaflokkum. Þær samþykktar.

Fulltrúar á ársþing USAH. Greta og Grímur mæta fyrir aðalstjórn, Steinunn mætir fyrir frjálsíþróttadeild, Ingvar Björnsson fyrir Körfuknattleiksdeildina, Sigurgeir fyrir knattspyrnudeild og Ólafur Sigfús fyrir sunddeild.

Ólafur vildi koma því á framfæri að stjórnin og þá sérstaklega Grímur væri búinn að standa sig einstaklega vel í starfinu.